

# Sagan af Dimmalimm



Einu sinni var lítil kóngsdóttir, sem hét Dimmalimm. Hún ar bæði ljúf og góð og hún var líka þæg. Hún lék sér alltaf ein í garðinum hjá kóngshöllinni.

Í garðinum var lítil tjörn og á tjörninni voru fjórir svanir. Dimmalimm þótti svo vænt um þá. Þeir komu líka alltaf syndandi þegar þeir sáu hana. Hún gaf þeim brauð og ýmislegt annað góðgæti.

Einu sinni fékk Dimmalimm að fara úr garðinum. Hana langaði til að sjá hvort þar væri nokkuð öðruvísi um að litast.

Jú-jú! Þar var allt öðruvísi. Næstum eingin tré og engin hús, ekkert annað en grænar grundir og blá fjöll langt-langt í burtu. Dimmalimm þótti svo fallegt þarna að hún gekk og gekk langa-lengi.

Loks kom hún að stóru vatni. Þá varð Dimmalimm alveg hissa, því að á vatninu sá hún svan, miklu-miklu stærri og fallegri en litlu svanina í kóngsgarðinum.

Og - hugsaðu þér –svanurinn kom syndandi til hennar og hann horfði svo blítt á hana.

Dimmalimm þótti þegar í stað vænt um fallega svaninn.

Eftir þetta fór Dimmalimm á hverjum degi út að stóra vatninu. Svannurinn kom þá á land og settist hjá henni. Dimmalimm strauk svaninum en hann lagði kollinn sinn í hálsakot. Það var svo indælt.

En allt breytist í þessu lífi.

Einu sinni þegar Dimmalimm kom hoppandi, þá sá hún hvergi svaninn sinn – hvergi nokkurs staðar.

Hún leitaði hringinn í kringum vatnið.

Loksins fann hún svaninn. en svannurinn var dáinn. Dimmalimm fór að gráta og grét og grét. Aumingja Dimmalimm. Svo fór hún heim.

Á hverju kvöldi gekk hún út að vatninu og hugsaði um svaninn, sem henni þótti svo vænt um. En nú kemur annað til sögunnar.

Dimmalimm sat einu sinni sem oftár við vatnið og var að hugsa um svaninn sinn. Þá stóð allt í einu lítill kóngssonur hjá henni. Hann var ljómandi fallegur.

„Þú mátt ekki gráta, Dimmalimm mín,“ sagði hann. „Æ, jú“ sagði Dimmalimm. „Svanurinn minn er dáinn.“

„Nei, gráttu nú ekki meira,“ sagði kóngssonurinn. „Ég skal segja þér sögu. Ég heiti Pétur, ég er kóngssonur og á heima skammt frá. Einu sinni kom ljót kerling. Hún var norn. Hún lagði það á mig að ég skildi verða að svani og aldrei leysast úr þeim álögum fyrr en ég hitti stúlku sem væri góð og þæg og sem þætti vænt um mig.“

Sérðu nú, Dimmalimm mín? Þú ert góða stúlkan sem leystir mig úr álögunum. Og nú skulum við gifta okkur.“

Þá varð Dimmalimm himinlifandi. Hún kyssti kóngssoninn. Og svo giftust þau.

Nú eru þau kóngur og drottning í ríki sínu. Þau sitja í ljómandi fallegum stólum, sem eru kallaðir eru hásæti. Og þau eru reglulega hamingjusöm.

En allt var þetta að þakka, að Dimmalimm var svo góð og þæg stúlka.

*Engin er eins þæg og góð*

*og Dimma-simma-simm,*

*og engin er eins hýr og rjóð*

*og Dimma-simma-simm.*



Guðmundur Thorsteinsson listmálari, Muggur, samdi ævintýrið og málaði myndirnar árið 1921 og sendi lítill íslenskri frænku sinni en sagan kom ekki fyrir almenningssjónir fyrr en árið 1942